

Nd.

459. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að veita Þingeyrar-, Mosvalla- og Suðureyrarhreppum í Vestur-Ísafjarðarsýslu allt að 35000 kr. lán til kolanáms.

Frá bjargráðanefnd.

Beiðni þessi var send háttv. neðri deild framarlega á þingi með svo hljóðandi simskeyti:

»Þingeyrar-, Mosvalla- og Suðureyrarhreppar biðja um aðstoð Alþingis til þess að fá allt að 50 þúsund króna lán hjá landssjóði til surtarbrandsnámu-reksturs í Botni í Súgandafirði. Svar óskast.

Eftir umboði
Jóhannes Ólafsson.«

Þar sem engar frekari upplýsingar fylgdu beiðninni, fór nefndin fram á það við þingmann kjördæmisins, að hann gæfi henni frekari upplýsingar um þennan fyrirhugaða námugróft, en þær upplýsingar hefir nefndin ekki fengið. Í þeirra stað hefir háttv. þingmaður borið fram þingsályktunartillöguna á þingskjali 443, þar sem hann fer fram á 35000 kr. lán til 5 ára.

Þar sem enn liggja ekki aðrar upplýsingar fyrir nefndinni en ofanskráð
simskeyti, og meiri hluti nefndarinnar sjer landssjóði tæplega fært að veita
frekari lán en þingið hefir þegar gefið heimild til að veita, sjer meiri hlutinn
sjer eigi fært að mæla með tillögunni. Meiri hlutinn lítur svo á, að þar sem
hjer er um kolanám að ræða, og að hin unnu kol hljóti að seljast fljótt, eins
og eftirspurnin er eftir þeirri vöru nú sem stendur, þá muni vera auðvelt að
framkvæma fyrirtækið með stuttum bankalánnum. Og þótt koma þyrfti þar upp
einhverju skýli, þá er ekki líklegt, að 3 hreppum tækist það eigi með aðstoð
bankanna og einstakra manna að koma því upp.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að tillagan nái ekki fram
að ganga.

Alþingi, 5. júlí 1918.

Sigurður Stefánsson,
formaður,
með fyrirvara.

Pjetur Jónsson,
með fyrirvara.

Björn Kristjánsson,
skrifari og framsögum.
meiri hlutans.

Pjetur Þórðarson.

Jörundur Brynjólfsson.

Sigurður Sigurðsson.

Þorsteinn M. Jónsson.